

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Áfangaheiti MYL 103 Kennsluáætlun haust 2012	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

Kennarar: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is
Guðmundur Ármann Sigrúnsson, GÁR, garmann@vma.is
Hallgrímur Ingólfsson, HGI, hallgrimur@vma.is

Viðtalstími: Þriðjudaga 11:20-12:00
Þriðjudaga 13:00-13:40
Miðvikudaga 13:15-13:55

Áfangalýsing

Alhliða þjálfun í teiknifærni. Nemendur þjálfra hæfileikann til að umbreyta þrívíðu formi í tvívíða teikningu og nota ýmsar hjálparaðferðir til þess að efla sjónskilning og sjónminni. Nemendur fá innsýn í stærðfræði og fagurfræði mannlíkamans. Þeir beita bæði agaðri og frjálsri teikningu í túlkun á fyrirmynd. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og ljósmyndum, með m.a. viðarkolum, blýanti, bleki og leir. Nemendur ígrunda verk sín í samvinnu við kennara og aðra nemendur.

Markmið

Að nemandinn með þjálfun

- dýpki skilning sinn á margbreytileika þeirra forma, hlutfalla og spennu sem mannlíkaminn býr yfir.
- dýpki skilning sinn á burðargetu og styrk beina- og vöðvabyggingar mannlíkamanns.
- dýpki skilning sinn á þeim samhljómi sem er á milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar mannlíkamanns.
- dýpki skilning sinn á þeirri tengingu, sem er milli hverskonar hönnunar og uppbyggingar mannlíkamanns.
- dýpki skilning sinn á listrænni vinnu, að skynja og túlka það sem hann sér og upplifir.
- dýpki skilning sinn á verklegri færni við að teikna mannlíkamann.
- þjálfist í að byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu.
- ígrundi vinnu sína og beiti gagnrýnni hugsun í teiknináminu.



Námsmat

Próflaus áfangi. Öll verkefni nemenda eru metin. Símat, kennaramat, sjálfsmat, ígrundun, leiðsagnarmat. Tekið er tillit til verkanna sjálfra eða afrakstursins 45% og ferlisins eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna 50%. Mæting 5%.

Til grundvallar matinu er listrænn skilningur, sköpun, innsæi, frumleiki, gagnrýnin hugsun, verkleg færni, framfarir, virðisauki, framkvæmd, opinn hugur og ögrun.

Verkefni

1. Rannsóknarvinna, þar sem módelið er í löngum stöðum. Áhersla er lögð á að greina jafnvægi, hlutföll og hreyfingu í stöðunni og til þess notuð ýmis hjálparmeðöl.
2. Hraðteikningar, með mismunandi aðferðum og áhöldum þar sem lögð er áhersla á túlkun og tjáningu.
3. Leirmótun til hjálpar við að skynja þrívíða formið og yfirfæra það í tvívídd.
4. Vinna í skissubók heima og í skóla, nánari skoðun á módeli og teiknistíl.
5. Módelisaga, mynddiskur, How Art Made the World.

Með fyrirvara um breytingar.

Gangi ykkur vel!

eitt ár án ábyrgðar.

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í

Undirritun kennara + dagsetning

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils